

Ferða-og dvalarstyrkir – reglur Ríkismenntar 2013

Þeir einstaklingar sem þurfa að sækja styrkhæft nám/námskeið um langan veg eiga rétt á stuðningi við ferða- og dvalarkostnað. Um er að ræða einstaklingsstyrk og sótt er um á sérstöku eyðublaði. Styrkir eru afgreiddir af viðkomandi stéttarfélagi í umboði Ríkismenntar.

Reglur um sérstaka ferða-og dvalarstyrki: Akstur 50% af almennu kílómetragjaldi eins og það er ákveðið hverju sinni skv. taxta ferðakostnaðarnefndar.

Ekki er tekið þátt í ferðakostnaði vegna aksturs sem er innan við 12 km. frá námskeiðsstað eða skóla. Varðandi akstur og flug er alltaf gert ráð fyrir að menn velji ódýrustu leiðina.

Hvalfjarðargöng: Heimilt er að niðurgreiða hverja ferð um allt að 75% af kostnaði.

Viðmiðunarupphæð er allt að kr. 700,-fyrir hverja ferð í gegnum göngin miðað við núverandi gjaldskrá Spalar hf. Miðað er við afsláttargjaldskrá Spalar hf. eins og hún er hverju sinni.

Flug: Heimilt er að niðurgreiða kostnað um allt að 75% af hverju flugfargjaldi.

Gisting: Heimilt er að niðurgreiða hverja gistinótt á hótelum/gistiheimilum um að hámarki kr. 6.000.- þó aldrei hærra en 75% af verði gistingar pr. sólarhring.

Ferða-og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér, en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja.

Breyting á reglum gildir f.o.m. 1. júlí 2013.